

# HÚSÖNDIN

18. tbl. 3. árg.  
20. maí 2020


Fréttablað Mývatnssveitar, husondin@gmail.com  
Útgefandi og ábyrgðarmaður: Arnþrúður Dagsdóttir

sími:  
8492804



## AFMÆLISBÖRN DAGANA 21. - 27. MAÍ

- 21.5. Björg Jónasdóttir
- 22.5. Dagbjört Sigríður Bjarnadóttir
- 23.5. Birgir Steingrímsson
- 25.5. Friðrik Steingrímsson
- 26.5. Karolina Aleksandra Wróbel
- 27.5. Þóra Ottósdóttir, Ingunn Eva Halldórsdóttir



### ÓKEYPIS SÁLFRÆÐI- OG HEILSURÁÐGJÖF FYRIR ÍBÚA



Skútustaðahreppur býður íbúum sveitarfélagsins upp á ókeypis ráðgjöf/einstaklingsmeðferð hjá sálfræðingum og hjúkrunarfræðingum Sálfræðiþjónustu Norðurlands sem nemur allt að þremur tímum. Allir íbúar eldri en 16 ára með lögheimili í sveitarfélaginu geta óskað eftir ráðgjöf hjá sálfræðingi eða hjúkrunarfræðingi hjá Sálfræðiþjónustu Norðurlands.

Hér er því um einstakt tækifæri að ræða.

Ráðgjöfin/viðtölin geta farið fram í fjarþjónustu (fjarfundabúnaði), á starfsstöð Sálfræðiþjónustu Norðurlands eða í húsnæði á vegum Skútustaðahrepps.

Hámark 3 viðtöl á mann. Kostnaður: Ókeypis.

Tímalengd: 45 mínútur líkt og hefðbundið viðtal hjá sálfræðingi eða hjúkrunarfræðingi.

Skráning og nánari upplýsingar fara fram hjá Sálfræðiþjónustu Norðurlands í gegnum heimasíðuna **[www.sálfræðiþjónusta.is](http://www.salfræðiþjónusta.is)**

Skútustaðahreppur

Opnunartími til 18.júní kl.16-21

Gott að bóka fyrirfram á [jarðböðin.is](http://jarðböðin.is)

VIÐ OPNUM AFTUR

**FIMMTUDAGINN 21. MAÍ**  
**KL. 16:00**

OG BJÓÐUM SÉRSTAKT  
2 FYRIR 1 OPNUNARTILBOÐ

Hlökkum til að sjá ykkur!

JARÐBÖÐIN VIÐ MÝVATN

# NÁTTÚRUMEÐFERÐ FYRIR 16-25 ÁRA



Hvenær: júní 2020 • Hvar: Í Skútustaðahreppi • Verð: Ókeypis

Náttúrameðferð er notuð til að veita meðferð við sálrænum- og félagslegum vanda og í stað þess að vera inni í sal fer meðferðin fram í náttúrunni. Á námskeiðinu verður farið í styttri göngur í nærumhverfi og eina lengri ferð. Í þessum ferðum þurfa einstaklingar að takast á við ýmis verkefni, áskoranir og æfingar sem reyna á traust, þátttöku, útsjónarsemi, ábyrgð, samvinnu og fleira.

Námskeiðið gefur einstaklingum tækifæri til að fara út fyrir þægindaramman og kynnast sjálfum sér betur, bæði styrkleikum og veikleikum, vinna með samskipti og samvinnu og efla sjálfstraust.

Ef þú vilt auka sjálfstraustið, læra að þekkja sjálfan þig betur, auka trú á eigin getu, auka félagsfærni og leiðtogafærni. Byggja upp frekari hæfileika til samvinnu, læra að setja mörk, læra um tilfinningastjórnun og auka virkni, þá er Náttúrameðferð eitthvað fyrir þig.

Þetta námskeið er hugsað fyrir ungt fólk sem m.a. upplifir lítið sjálfstraust, kvíða, þunglyndi, félagslega einangrun, feimni eða fyrir þá sem eru í lítilli virkni t.d. vegna mikillar tölvunotkunar.

Tímalengd: 16 tímar (2-4 klst. í einu) + ein dagsferð. Alls, 24 klst.

**Námskeiðið er fyrirhugað eftirfarna daga:** 4. júní (2 klst.) • 8. júní (4 klst.) • 11. júní (4 klst.) • 15. júní (8 klst.) • 18. júní (4 klst.) • 22. júní (2 klst.)

Skráning á heimasíðu Sálfræðiþjónustu Norðurlands:

**[www.salfraedipjonusta.is](http://www.salfraedipjonusta.is)**

Nánari upplýsingar veitir Dagný á netfanginu:

**[dagny@salfraedithjonusta.is](mailto:dagny@salfraedithjonusta.is)**

## Sumarhópar fyrir 16-20 ára

Landsvirkjun auglýsir 5 sumarstörf til umsóknar í sumarhóp Mývatnssvæðis.

Sumarvinnuhópurinn hefur meðal annars það hlutverk að sinna viðhaldsstörfum eins og grasslætti og almennri umhirðu í nágrenni aflstöðvanna.

Í verkefninu „Margar hendur vinna létt verk“ hefur sumarhópurinn einnig unnið að landgræðslu og margvíslegum samfélagsverkefnum. Verkefnið er samstarfsverkefni Landsvirkjunar og félagasamtaka, sveitarfélaga og stofnana.

Ráðningatímabil er júní, júlí og ágúst og er umsóknarfrestur til og með 27. maí n.k.

Umsóknnum skal skilað á netfangið [sumarstarf@landsvirkjun.is](mailto:sumarstarf@landsvirkjun.is) og er skilyrði að eftirfarandi upplýsingar fylgi með:

Nafn:

Kennitala:

Sími:

Netfang:

Nám og skóli:

Nánari upplýsingar veitir flokkstjóri sumarvinnu Böðvar Pétursson á netfanginu [bodvar.petursson@landsvirkjun.is](mailto:bodvar.petursson@landsvirkjun.is)



Stjórn Veiðifélags Mývatns boðar til aðalfundar  
mánudaginn 01.06.2020 í Skjólbrekku  
og hefst hann kl. 20:00. Á dagskrá fundarins eru  
þau mál sem tilgreind eru í 9. grein samþykpta  
veiðifélagsins.

Dagskrá:

1. Skýrsla stjórnar vegna 2019
2. Reikningar vegna 2019
3. Fjárhagsáætlun
4. Greiðsla á reikningi v. arðskrár
5. Umræður um samþykktir félagsins og veiðireglur.
6. Kosningar
7. Önnur mál

Stjórn Veiðifélags Mývatns

Virðingarfyllt,  
Helgi Héðinsson  
Netfang [hhedins@hi.is](mailto:hhedins@hi.is)  
Sími 663-1410

## Aðalfundur Golfklúbbs Mývatnssveitar.

Aðalfundur Golfklúbbs Mývatnssveitar verður haldin miðvikudaginn  
27. maí kl;20:00 í golfskálanum Krossdalsvelli.

Dagskrá. venjuleg aðalfundarstörf.  
Nýjir félagar velkomnir.  
stjórnin.



## Skútustaðahreppur

### Landeigendakönnun vegna endurskoðunar aðalskipulags Skútustaðahrepps

Skútustaðahreppur hefur hafið endurskoðun aðalskipulags Skútustaðahrepps í samvinnu við Alta. Hluti af þeirri vinnu er landeigendakönnun þar sem landeigendur Skútustaðahrepps geta komið á framfæri mögulegum áformum innan sinna jarða sem kalla á aðalskipulagsbreytingar eða ef eitthvað er að þeirra mati úrelt og þarfnast lagfæringar.

Landeigendur geta svarað könnuninni á síðunni  
<https://sites.google.com/alta.is/landeigendur/home>

Könnunin er auglýst í Húsöndinni auk þess að vera aðgengileg af síðu Skútustaðahrepps,  
[www.skutustadahreppur.is](http://www.skutustadahreppur.is)

Ef einhverjir landeigendur í sveitarfélaginu hafa ekki aðgengi að tölvu má hafa samband við Guðjón Vésteinsson á skrifstofu Skútustaðahrepps í síma 464-6660 til að fá könnunina senda á pappírformi eða svara könnuninni í gegnum síma.

Við hvetjum alla til að taka þátt og koma sínum skoðunum á framfæri.

Könnuninni verður hægt að svara til **05.06.2020**.



# ERTU Í FRAMHALDSSKÓLA- EÐA HÁSKÓLANÁMI OG VANTAR SUMARVENNU?

## OPIÐ FYRIR UMSÓKNIR

Skútustaðahreppur auglýsir til umsóknar sumarstörf námsmanna sem styrkt eru af Vinnumálastofnun. Um eru að ræða störf m.a. við áhaldahús við slátt og ýmis umhverfis- og viðhaldsverkefni, á hreppsskrifstofu og bóksafni og fleira og gæti farið eftir áhugasviði umsækjanda.

Skilyrði eru að umsækjandi sé 18 ára á árinu eða eldri, sé í námi í framhaldsskóla eða háskóla og sé á milli anna í námi og sé skráður í nám að hausti.

Ráðningatímabil er sveigjanlegt en getur verið 2-3 mánuðir á tímabilinu júní, júlí og ágúst.

Umsóknarfrestur er til og með 27. maí n.k.

Umsóknum skal skilað á netfangið [skutustadahreppur@skutustadahreppur.is](mailto:skutustadahreppur@skutustadahreppur.is) og er skilyrði að eftirfarandi upplýsingar fylgi með:

- Nafn:
- Kennitala:
- Sími:
- Netfang:
- Nám og skóli:
- Ráðningatímabil:
- Skráningarstaðfesting um nám á haustönn skal fylgja með.

Nánari upplýsingar eru veittar á hreppsskrifstofu eða á netfanginu [skutustadahreppur@skutustadahreppur.is](mailto:skutustadahreppur@skutustadahreppur.is)

Skútustaðahreppur

# TÖKUM AÐ OKKUR ALLA MALBIKSVINNU

- stóra sem smáa -



Tilboðs fyrirspurnir



854 2211

Óseyri 18 - Malbikun.is - jon@malbikun.is



# FRÆDSLUKVÖLD Í SKJÓLBREKKU UM TILFINNINGAVANDA



Mánudaginn 15. júní 2020 kl. 20:00 í Skjólbrekku. Fundinum verður einnig streymt á Facebook síðu Skútustaðahrepps

Sálfræðiþjónusta Norðurlands og Skútustaðahreppur bjóða Mývetningum upp á fræðslukvöld í Skjólbrekku um tilfinningavanda og hvað er gagnlegt til að ná og viðhalda góðri líðan.

Rætt verður m.a. um kvíða, depurð og streituraskanir.

Farið verður yfir helstu einkenni og meðferðaleiðir. Einnig verður rætt um hvað

getur gagnast til að viðhalda tilfinningalegu jafnvægi og vellíðan.

Tímalengd 2-2,5 klst. með hléi.

Allir velkomnir sem áhuga hafa!

Skútustaðahreppur og Sálfræðiþjónusta Norðurlands

## Annual Clean-up Campaign 2020 - Ruslahreinsun

Monday 25th of May at 16.30

Every spring the local government organizes picking up garbage around lake Mývatn. It's a time to be part of our community and help us keep our beautiful area clean.

Please feel free to join any of the teams organized and/or if you have any questions about where to go or what to do, please contact us :)

Ólafur Þróstur +354 894 3433

Fjöregg and Skútustaðahreppur



Fjöregg



# Ruslahreinsun 2020

Mánudag 25.maí - klukkan 16:30 - Fyrsti dagur hreyfiviku UMFÍ

Á hverjum stað er forsvarsmaður félagsins/félaganna beðinn um að skipuleggja hreinsunina og ná í ruslapoka og hanska á skrifstofu hreppsins þann dag fyrir 15:00. Við hvetjum einnig fólk til að koma með eigin vinnuhanska.

Gámavöllurinn á Grímstöðum verður opinn 17.30-19.00 svo hægt er að losna við ruslið. Fjöregg hvetur ykkur til að reyna að flokka eins mikið og mögulegt er. Gott er að losa ruslið úr plast ruslapokum og setja pokana í endurvinnslu.

ATH. Það verður ekki grill á eftir núna en mögulega gerum við meira í haust.

Við hvetjum fyrirtæki til að taka þátt í deginum og hreinsa í kringum sig.

Skiptingin er eftirfarandi:

Frá Austurlandsvegi í Garð. Auk þess Grjótagjárvegur, Hverfjallsvegur og Dimmuborgarvegur. Umsjón Fjöregg, Landeigendafélag Voga, Slysavarnarfélagið. Mæting við Björk.

Frá Garði að Mátvatni.

Umsjón Björgunarsveitin, Kiwanis og Akstursípróttafélag Mývatnssveitar. Mæting við Sel hótél.

Frá Arnarvatni að vegamótum á Öxl og frá Öxl að a.m.k. að Sandvatnsbrekku.

Umsjón Kvenfélagið og Menningarfélagið Gjallandi. Mæting við Grímstaðaöxl.

Frá flugvallarvegi að Grímsstaðaöxl.

Umsjón Grímungar og Landeigendafélag Reykjahlíðar. Mæting við flugvallarveg.

Frá flugvallarvegi, Reykjahlíðarþorp, gamli vegur frá skóla og upp að Bjarnarborg, austurlandsvegur að Kröfluaflleggjara og vegurinn að Jarðböðunum.

Umsjón Íprótta- og ungmennafélagið Mývetningur og Golfklúbburinn. Mæting við Dyngjuna.

Þeir sem ekki telja sig tilheyra þessum félögum, mætið þar sem þið viljið:

Ef einhverjar spurningar vakna, endilega hafið samband við:

Ólafur Þróstur 894 3433

Hreinsum okkar fallegu sveit og eigum góða stund saman.

Fjöregg og Skútustaðahreppur

